UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS
Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 017/2023

Reykjavík, 27. júní 2024

Velferðarsvið Kópavogsbæjar
B.t. Sigrúnar Þórarinsdóttur sviðsstjóra
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Meðfylgjandi er skýrsla umboðsmanns Alþingis, dagsett í dag, vegna athugunar OPCAT-eftirlits embættisins á búsetuúrræði Klettabæjar ehf. fyrir börn sem fram fór dagana 9. til 13. júní 2023. Í skýrslunni má finna umfjöllun og niðurstöður sem varða m.a. lagaumgjörð, aðbúnað og almenna starfsemi í búsetuúrræðunum. Skýrslan verður birt á rafrænu formi á vefsíðu umboðsmanns, www.umbodsmadur.is/opcat.

Í skýrslunni er ýmsum ábendingum og tilmælum beint með almennum hætti til sveitarfélaga en í ljósi þess að barn frá Kópavogsbæ vistaðist í Klettabæ þegar heimsókn umboðsmanns fór fram er í 13. kafla skýrslunnar óskað eftir því að upplýst verði um viðbrögð bæjarins við þeim ábendingum og tilmælum í skýrslunni sem beint er til sveitarfélaga, sem og um aðrar aðgerðir sem talið er tilefni til að ráðast í vegna þeirra. Er þess óskað að upplýsingar um viðbrögð Kópavogsbæjar og stöðu mála berist skrifstofu umboðsmanns eigi síðar en 1. janúar 2025. Óskað er eftir því að svörin verði útfærð þannig að þau megi birta opinberlega.

Rétt er að upplýsa að skýrslan er einnig send öðrum sveitarfélögum sem höfðu börn í sólarhringsþjónustu í búsetuúrræðum Klettabæjar þegar heimsókn umboðsmanns fór fram, n.tt. Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ, svo og mennta- og barnamálaráðuneytinu og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, með sambærilegri ósk um að viðbrögð berist fyrir sama tímamark. Jafnframt er Sambandi íslenskra sveitarfélaga send skýrslan til upplýsingar, með þeirri ósk að hún verði kynnt sveitarstjórnum.

Virðingarfyllst,

Skúli Magnússon

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026